


Messur



Dómprófasturinn í Reykjavík

Guðsþjónustur í Reykjavíkprófastsdæmi sunnudag 6. des. 1987

Árbæjarprestakall: Barnasamkoma í Foldaskóla í Grafarvogshverfi laugardag kl. 11 árdegis. Barnasamkoma í Árbæjarkirkju sunnudag kl. 10.30. Guðsþjónusta í Árbæjarkirkju kl. 14. Organleikari Jón Myrdal. Aðventusamkoma í kirkjunni kl. 20.30. Davíð Oddsson borgarstjóri flytur ræðu. Kristinn Sigmundsson óperusöngvari syngur einsöng með undirleik Jónasar Ingimundarsonar. Skólakór Árbæjarskóla syngur undir stjórn Áslaugar Bergsteinsdóttur. Frú Sigurlaug Kristjánsdóttir flytur ávarp. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Jóns Myrdal. Í lok helgistundar verða aðventuljósir tendruð. Sr. Guðmundur Þorsteinnsson.

Áskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Jólafundur safnaðarfélags Ásprestakalls mánudag 7. des. kl. 20.30 í safnaðarheimili Áskirkju. Á dagskrá er jólaföndur, veitingar o.fl. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Borgarspítalinn: Guðsþjónusta kl. 10.30. Sr. Sigfinnur Þorleifsson.

Breiðholti: Barnasamkoma í Breiðholtsskóla kl. 11. Messa kl. 14. Altarisganga. Sóknarprestur. Bústaðakirkja: Barnasamkoma kl. 11. Elín Anna Antonsdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Ólafur Jens Sigurðsson messar. Börn úr skólakór Melaskóla og Hagaskóla koma í heimsókn og syngja undir stjórn Helgu Gunnarsdóttur. Organleikari Jónas Þórir. Æskulýðsfélagsfundur þriðjudagskvöld. Jólahátíð aldraðra miðvikudag 9. des. kl. 13-17. Sóknarnefndin.

Digranesprestakall: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Tónlistarskóli Kópavogs stendur að tónlistarflutningi í messunni. Martiar Nardeau leikur á flautu. Hrefna Eggertsdóttir leikur á píano, sónotu í ES dúr eftir J.S. Bach. Um kvöldið verður aðventusamkoma Kópavogssafnaða í tilefni 25 ára vígsluafmælis kirkjunnar. Ræðumaður sr. Ólafur Skúlason vígslubiskup. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

Dómkirkjan: Laugardagur: Barnasamkoma í kirkjunni kl. 10.30. Egill Hallgrímsson. Sunnudagur: Messa kl. 11.00. Orgelleikur í 20 mín. fyrir messuna. Sr. Þórir Stephensen. Messa kl. 14. Sr. Hjalti Guðmundsson. Dómkórinn syngur við báðar messurnar. Organleikari Marteinn H. Friðriksson.

Landakotsspítali: Messa kl. 13. Organleikari Birgir Ás Guðmundsson. Sr. Þórir Stephensen.

Elliheimilið Grund: Guðsþjónusta kl. 10. Sr. Gylfi Jónsson.

Fella- og Hólakirkja: Messa kl. 11. Einsöngur Ragnheiður Guðmundsdóttir. Prestur Guðmundur Karl Ágústsson. Aðventukvöld kl. 20.30. Söngur, helgileikur og ræða kvöldsins: Hólmfríður Pétursdóttir. Einsöngur Viðar Gunnarsson. Organleikari Guðný Margrét Magnúsdóttir. Mánudagur: Fundur í Æskulýðsfélaginu kl. 20.30. Miðvikudagur: Guðsþjónusta og altarisganga kl. 20. Sóknarprestar.

Frikirkjan í Reykjavík: Laugardagur: 5. des.: Fermingarborn komi í kirkju kl. 14. Sunnudagur: Guðsþjónusta kl. 14. Ræðuefni: Ólían á lampa trúarinnar. Frikirkjukórinn syngur. Organisti Pavel Smid. Sr. Gunnar Björnsson.

Grensáskirkja: Barnasamkoma kl. 11.00. Messa kl. 14. Sr. Magnús Björnsson annast messuna. Íris Erlingsdóttir syngur einsöng. Organisti Árni Arinbjarnarson. Sóknarnefndin.

Jólasala á útlitsgölluðu gleri í Bergvík

Glerblástursverkstæðið Gler í Bergvík á Kjalarnesi heldur sína árlegu jólasölu á útlitsgölluðu gleri um helgina. Glerblástur og mótun verður í gangi meðan gestir verða á staðnum. Jafnframt verður boðið upp á kaffi og piparkökur. Salan stendur yfir bæði laugardag og sunnudag kl. 10-18.

Verkstæðið er við Vesturlandsveg, u.þ.b. 30 km frá miðbæ Reykjavíkur. Ekið er út af veginum við Fólkvang en verkstæðið er mitt á milli Fólkvangs og nýja hverfisins.

Tónleikar í Hafnarfirði

Simon H. Ívarsson gítarleikari og dr. Orthulf Prunner organisti halda tónleika í Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði á laugardag kl. 17. Á tónleikunum leika þeir tónlist af nýútkominni plötu sinni en einnig gefst áheyrendum tækifæri til að hlýða á sjaldgæft hljóðfæri sem kallast klavíkkord. Samleikur á klavíkkord og gítar er mjög sérstök samsetning. Verkin sem leikin verða eru eftir þekkt tónskáld: Bach, Vivaldi, Beethoven, Rodrigo og Scheidler.




Dr. Orthulf Prunner og Simon H. Ívarsson við hljóðfæri sín.

Gallerí Svart á hvítu: Jólasýning

Laugardaginn 5. desember verður opnuð í Gallerí Svart á hvítu jólasýning á verkum nokkurra myndlistarmanna. Flestir þeirra hafa tekið þátt í sýningum í galleríinu á þessu ári og má þar nefna Sigurð Guðmundsson, Huldu Hákon, Helga Þorgils Friðjónsson, Jón Axel og Georg Guðna. Galleríinu hafa einnig bæst nýir kraftar og ber þar sérstaklega að nefna Karl Kvaran sem er myndlistarunnendum að góðu kunnur. Verk eftir fleiri aðila verða á sýningunni sem er sölusýning. Hún er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og stendur fram til jóla.

Hallgrímskirkja: Messa kl. 11. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Miðvikudagur: 9. des.: Náttöngur kl. 21.00. Skagfirski söngsveitin. Stjórnandi Björgvin Valdimarsson. Fimmtudagur 10. des.: Jólafundur Kvenfélagsins kl. 20.00. Föstudagur 11. des.: Kökubasar til ágóða fyrir safnaðarheimilið. Landspítalinn: Messa kl. 10. Sr. Jón Bjarman. Háteigskirkja: Morgunmessa kl. 10. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Messa kl. 14. Sr. Arngímur Jónsson. Aðventutónleikar kl. 21.00. Orthulf Prunner leikur orgeltónlist eftir Mendelssohn, Cesar Franck, Hummel o.fl. Hjallaprestakall í Kópavogi: Barnasamkoma kl. 11 í Digraneskóla. Í tilefni af 25 ára vígsluafmæli Kópavogskirkju verður sameiginlegt aðventukvöld safnaðanna í Kópavogi kl. 20.30 í Kópavogskirkju. Að lokinni samverunni verður boðið upp á veitingar í félagsheimili Kópavogs. Sr. Kristján Einar Þorvarðarson. Kársnesprestakall: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu Borgum kl. 11 árdegis. Guðsþjónusta með tónleikum í Kópavogskirkju kl. 14. Kennarar úr Tónlistarskóla Kópavogs leika á nýtt píano, flautu og klarinett verk eftir J.S. Bach og F. Schubert. Aðventuhátíð í Kópavogskirkju kl. 20.30. Minnst 25 ára vígsluafmælis kirkjunnar. Ræðumaður sr. Ólafur Skúlason dómsprófastur. Að lokum veitingar í félagsheimili Kópavogs í boði safnaðanna í Kópavogskaupstað. Sr. Árni Pálsson. Langholtskirkja: Kirkja Guðbrands

biskups. Óskastund barnanna kl. 11. Sungið, leikið og myndir gerðar. Þórhallur Heimisson guðfræðinemi og Jón Stefánsson sjá um stundina. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Sig. Haukur Guðjónsson. Organisti Jón Stefánsson. Sóknarnefndin. Laugarnesprestakall: Laugardagur 5. des.: Guðsþjónusta að Hátúni 10, 9. hæð kl. 11. Sunnudagur: Guðsþjónusta kl. 11.00 fyrir alla fjölskylduna. Sérstakt barnastarf. Aðventukvöld í kirkjunni kl. 20.30. Ræðumaður kvöldsins verður dr. Björn Björnsson prófessor. Unglingar sýna helgileik í umsjá Jónu H. Bolladóttur. Kirkjukór Laugarneskirkju syngur tvö verk, einnig verður tónlist í umsjá Ann Toril Lindstad. Að lokinni samkomunni í kirkjunni verður heitt súkkulaði og smákökur á boðstólum í Safnaðarheimilinu á vegum Kvenfélags Laugarnessóknar. Mánudagur: Æskulýðsstarf kl. 18. Jólafundur Kvenfélags Laugarnessóknar kl. 20.00. Sóknarprestur. Neskirkja: Laugardagur: Æskulýðsfundur fyrir 11-12 ára kl. 13. Félagstarf aldraða: Við förum saman í Kringluna og leggjum af stað frá kirkjunni kl. 14.30. Sunnudagur: Barnasamkoma kl. 11. Munið kirkjubílinn. Guðsþjónusta kl. 14.00 í umsjá sr. Ólafs Jóhannssonar. Mánudagur: Æskulýðsfélagsfundur kl. 19.30. Miðvikudagur: Fyrirbænamessa kl. 18.20. Guðmundur Óskar Ólafsson. Fimmtudagur: Fundur hjá þjónustuhóp kl. 18.




Eggert Magnússon við tvö verka sinna.

Sjómaður sýnir á Kjarv

Málverkasýning Eggerts Magnússonar stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum. Eggert er fæddur í Reykjavík 1915 og starfaði hann lengst af sem vélstjóri og sjómaður en hefur nú snúið sér að málaralistinni.

Hann var meðal þeirra alþýðulistamanna sem vöktu mikla athygli með sýningu á verkum sínum í Listasafni alþýðu í haust. Þetta er 5. einkasýning Eggerts en auk þess hefur hann tekið



Semal. Helga mun hafa kynningu á hljóðfæri sínu og tónlist þess fyrir nemendur í tónlistarskólum í tengslum við tónleikana.

Seljasókn: Barnaguðsþjónusta í kirkjumíðstöðinni kl. 11. Guðsþjónusta í Ölduselsskóla kl. 14. Síðasta guðsþjónusta í skólanum. Kl. 15.00 er jólabasar kvenfélagsins í kirkjumíðstöðinni. Sóknarprestur. Seltjarnarneskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Eirný og Solveig Lára. Messa kl. 14.00. Organisti Sighvatur Jónasson. Prestur sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir. Æskulýðsfélagsfundur mánudagskvöld kl. 20.30. Opið hús fyrir 10-12 ára þriðjudag kl. 17.30. Kirkja Óháða safnaðarins: Aðventuhátíð í kirkju Óháða safnaðarins sunnudag kl. 20.30. Ræðumaður: Haraldur Ólafsson lektor. Einsöngur: Halla Margrét Árnadóttir. Dúett: Jónas Dagbjartsson og Jónas Þórir leika á fiðlu og orgel. Kirkjukór safnaðarins leiðir söng undir stjórn Heiðmars Jónssonar organista. Leikmenn lesa ritningarlestra og beðið verður fyrir sönnum jólaundirbúningi. Ljósir tendrast kerti af kerti um leið og jólasálmurinn „Heims um ból“ verður sunginn. Kaffiveitingar. Þorsteinn Ragnarsson.

Frikirkjan í Hafnarfirði: Barnasamkoma kl. 11. Aðventukvöld kl. 20.30. Guðrún Ásmundsdóttir leikkona flytur hugvekkju. Jóhanna Linnét syngur einsöng. Ásgeir Steingrímsson og Örn Falkner leika saman á trompet og orgel. Kirkjukórinn syngur. Einar Eyjólfsson. Gaulverjabejarkirkja: Messa kl. 14. Sóknarprestur.

Stokkseyrarkirkja: Barnamessa kl. 11. Sóknarprestur. Stokkseyrarkirkja: Barnamessa kl. 11. Sóknarprestur. Þingvallakirkja: Guðsþjónusta verður á sunnudag kl. 14. Almennur safnaðarfundur fer fram að lokinni messu. Sóknarprestur.

Tilkynningar

Neskirkja - félagsstarf aldraða á morgun, laugardag. Farið verður í Kringluna. Lagt af stað frá kirkjunni kl. 14.30.

Fjölskylduskemmtun í Breiðholtsskóla

Foreldrafélag Breiðholtsskóla efir til skemmtunar fyrir fjölskyldur nemenda skólans sunnudaginn 6. desember frá kl. 15.30-17.30 í Breiðholtsskóla. Á skemmtuninni verður bókakynning þar sem Andrés Indriðason les úr Stjörnuháttum og Guðrún Helgadóttir úr Sænginni yfir minni. Jólahög verða sungin og Gíslí Jónasson sóknarprestur flytur jólahugvekkju. Við upphaf skemmtunarinnar mun Skólalýðrasveit Árbæjar og Breiðholts, undir stjórn Ólafs L. Kristjánssonar, leika nokkur lög. Foreldrar og nemendur koma með kerti sem verða tendruð þennan 2. sunnudag í adventu.

70 ára afmæli UMF Þórsmerkur

Hinn 10. nóvember sl. voru liðin 70 ár frá stofnun UMF Þórsmerkur í Fljótshlíðarhreppi. Í tilefni þess verður haldið afmælishóf í Félagshölinu Goðalandi laugardaginn 5. desember nk. og hefst